

Sjóferð bláa sjóræningjans – Spurningar

1. Hvernig var himinninn á litinn?
2. Hvernig var sjórinn á litinn?
3. Hvert sigldi blái sjóræninginn?
4. Af hverju gerði hann það?
5. Hvernig var eyjan á litin?
6. Hvernig voru blómin á eyjunni á litinn?
7. Á hvað skein sólin?
8. Hvað lá í grasinu?
9. Hvar lágu stígvél bláa sjóræningjans?
10. Hvað ætlaði blái sjóræninginn að taka af eyjunni?
11. Hvert ætlaði hann að fara með gullið?
12. Hvar var gullið hans falið?
13. Hvar var tréð?
14. Hvernig voru blómin hjá trénu á litinn?
15. Fann sjóræninginn pokann?
16. Hvert fór hann með pokann?
17. Hvert sigldi blái sjóræninginn?
18. Að hverju fór hann að leita?
19. Hvar settist sólin?

Sjóferð bláa sjóræningjans - Svör.

1. Hann var dökkblár.
2. Hann var dökkblár.
3. Hann sigldi aftur til eyjarinnar.
4. Því hann ætlaði að leita að stígvélunum.
5. Hún var græn og brún.
6. Þau voru rauð, blá, gul, hvít og fjólublá.
7. Hún skein á blómin, grasið, eyjuna og sjóinn.
8. Hattur rauða sjóræningjans.
9. Þau lágu undir tré.
10. Gullið sitt.
11. Hann ætlaði að fara með það á aðra eyju.
12. Það var falið í poka undir tré.
13. Það var við sjóinn.
14. Þau voru blá og hvít.
15. Já.
16. Hann fór með hann út í skipið.
17. Hann sigldi langt út á sjó.
18. Hann fór að leita að Akrú-akrí.
19. Hún settist í sjóinn.